

4. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist þannig:

Þeir bifreiðastjórar sem vinna þau störf, sem talin eru í b-lið 14. gr. og 1. mgr. 16. gr., halda óskertum rétti sínum, þótt þeir stundi ekki akstur bifreiðar sem aðalstarf.

5. gr.

C-liður 14. gr. orðist þannig:

Ef leyfishafi deyr, heldur maki hans atvinnuleyfinu í allt að 3 ár frá dauða hans, ef maki æskir þess, enda sé bifreiðastjórinn félagi í stéttarfélagi bifreiðastjóra.

6. gr.

2. mgr. 16. gr. falli niður.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 36 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 78 30. janúar 1981 og nr. 642 10. nóvember 1981 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 12. mars 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Brynjólfur Inghólfsson.

AUGLÝSING

um tilnefningu Arnarflugs hf. til að halda uppi áætlunarflugferðum milli landa.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, og loftferðasamningi milli Íslands og Hollands frá 22. mars 1950, hefur samgönguráðuneytið í dag tilnefnt Arnarflug hf. til að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst milli Íslands og Hollands.

Tilnefning þessi kemur í stað tilnefningar til handa Iscargo hf. til sams konar flugs, sbr. bréf ráðuneytisins dags. 17. október 1980 og auglýsingar nr. 582 18. október 1980, enda hefur það félag afsalað henni með bréfi, dags. 10. þ.m.

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.

AUGLÝSING

um afgreiðslutíma Apóteks Austurlands.

Skv. heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal afgreiðslutími Apóteks Austurlands frá og með 1. apríl 1982, vera sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga kl. 10:00 — 12:00 og 14:00 — 18:00.
Laugardaga kl. 10:00 — 12:00.

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. mars 1982.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingolf J. Petersen.

18. mars 1982.

Nr. 92.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum fiskibáta í apríl 1982.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til fiskiskipa annarra en þeirra, er togveiðar stunda samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 688 28. desember 1981, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1982.

2. gr.

Á tímabilinu frá kl. 18,00 5. apríl 1982 til kl. 12,00 á hádegi 13. apríl 1982, eru fiskiskipum, sbr. 1. gr., bannaðar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Á þessu tímabili er óheimilt að hafa nokkur þorskfisknet í sjó.

3. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 2. gr., má hlutfall þorsks í heildarafla hvarar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar yfir 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávaraflla.

4. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 2. gr., og hlutfall þorsks í afla reynist herra en 15%, skal svo litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 3. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabilsins, samkvæmt 2. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.